

Nd.

251. Nefndarátt

um frv. til laga um samþykktir um laxa- og silungaklak í ám og vötnum og takmörkun á ádráttarveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allitarlega og borið það saman við lög þau, er nú gilda um lax- og silungsveiði hjer á landi.

Aðaltilgangur frv. er að hlynna að laxa- og silungaklaki og að kostnaður við það geti komið hlutfallslega niður á alla þá, sem væntanlegra hagsmuna njóta af því.

Nefndin viðurkennir þennan tilgang frv. rjettmætan, og að lög um þetta efni geti komið að nokkru liði.

Hinsvegar hefir hún þó komist að þeirri niðurstöðu, að frv. þarfnist mikilla breytinga, til þess að rjett sje að gera það að lögum.

Í frv. vantar ákvæði um, hversu skipa skuli þessum málum þar, sem á eða veiðivatn er á sýslumótum. Í því sambandi koma þá til álita flest ákvæði frv. í breyttu formi, sem nokkur vandkvæði eru á að skipa svo, að vel fari.

Nefndin er og þeirrar skoðunar, að takmörkun á ádráttarveiði í ám sje nægilega viðtæk í lögum nr. 5, 19. febrúar 1886, um friðun á laxi, og getur því ekki fallist á ákvæði frv. að þessu leyti.

Þó virðist svo, sem ákvæði 6. greinar nefndra laga, um friðun, gætu komið til greina í frv. því, er hjer um ræðir.

Um leið og slik heimildarlög væru sett, er frv. hljóðar um, væri að sjálfsgöðu rjett að taka upp í þau og samræma, eftir því sem við þætti eiga, helstu ákvæði laga nr. 55, 30. júlí 1909, um samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Þá gætu og ennfremur komið til álita nokkrar hömlur á veiði til klaks og förgun klakefna til annara veiðivatna en þeirra, er að klakinu liggja.

Liklegt er, að eitthvað fleira en hjer hefir verið bent á gæti komið eða ætti að koma til athugunar í sambandi við þetta mál.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt frá hv. deild með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að stjórnin semji frumvarp til laga um samþyktir um laxa- og silungaklak og um veiðiaðferðir í ám og vötnum og leggi það fyrir Alþingi 1926, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. mars 1925.

Pjetur Þórðarson, Árni Jónsson, Hákon J. Kristófersson.
form., frsm. fundaskrifari.

Magnús Torfason. Halldór Stefánsson.